

374. – Stjórnarfundur LEB 29. september 2023

Kl. 10.00 - Haldinn sem fjarfundur

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir og Magnús Jóhannes Magnússon.
Jónas Sigurðsson varamaður boðaði forföll.

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sat fundinn og skrifaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar, 22. ágúst, borin upp

Samþykkt

2. Opið málþing um kjaramál eldra fólks mánudag 2. október kl. 13.00 – 16.00

Undirbúningur málþingsins er á lokasprettinum. Ákveðið hefur verið að hafa ekki málþingið í Grósku – hugmyndahúsi heldur á Hilton Reykjavík Nordica. Kemur það til að því að hugsanlega verði salurinn í Grósku of lítill og erfitt með bílastæðaaðgengi þar. Einhver kostnaðarauki mun þó verða af þessu.

Búið er að semja við Björgu Magnúsdóttur stjórn málafræðing og fjölmiðlakonu til að vera málþingsstjóri. Helgi Pétursson formaður LEB mun setja málþingið og slíta því.

Búið er að fá ræðumenn og þátttakendur í alla dagskrárliði, erfiðast hefur þó verið að fá fulltrúa stjórnarflokkana þriggja til að staðfesta sína ræðumenn, en hafðist þó að lokum. Aðeins VG sendir ráðherra, en hinir tveir stjórnarflokkarnir, B og D, senda þingmenn, þrátt fyrir beiðni um ráðherra sem fulltrúa þeirra. Sem eru viss vonbrigði. Þetta eru: Guðmundur Ingi Guðbrandsson félags- og vinnumarkaðsráðherra (V), Ingibjörg Isaksen þingflokksformaður (B) og Ásmundur Friðriksson þingmaður (D).

Aðrir sem taka þátt í málþinginu eru:

- Fulltrúar LEB með upphafserindi: Drífa Sigfúsdóttir varaformaður LEB, Ásgerður Pálsdóttir formaður Félags eldri borgara í Húnaþingi og í varastjórn og kjaranefnd LEB, og Þorbjörn Guðmundsson formaður kjaranefndar og stjórnarmaður LEB.
- Stjórnarandstöðuþingmenn í pallborðum: Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (C), Jóhann Páll Jóhannsson (S), Inga Sæland (F), Björn Leví Gunnarsson (P) og fyrrv. þingmaður Þorsteinn Sæmundsson (M).
- Eldri borgarar: Hrafn Magnússon fv. framkvæmdastjóri Landsamtaka lífeyrissjóða, Jóna Gróa Guðjónsdóttir kjaranefnd LEB og Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður Félags eldri borgara í Reykjavík og stjórnarmaður í LEB.



LEB

Landssamband eldri borgara

- Verkalýðshreyfingin: Finnbjörn A. Hermannsson (ASÍ), Sonja Ýr Þorbergsdóttir (BSRB) og Kolbrún Halldórsdóttir (BHM).
- Sérfræðingar: Þórólfur Matthíasson professor, Stefán Ólafsson sérfræðingur hjá Eflingu og Þórey S. Þórðardóttir framkvæmdastjóri Landsamtaka lífeyrissjóða.
- Auk þeirra mun fjöldi eldra fólks tjá sig í myndböndum sem sýnd verða í öllum þremur hlutum málþingsins.

Stjórnarmenn ræddu áherslur málþingsins og stilltu saman strengi sína og ræddu áherslur hvers hluta málþingsins og hvernig best væri að brýna áherslurnar. Þrír stjórnarmenn sem sitja þennan stjórnarfund munu flytja upphafsferindi, hver í sínum hluta málþingsins sem er í þremur hlutum. Þau Drífa Sigfúsdóttir, Ásgerður Pálsdóttir og Þorbjörn Guðmundsson.

3. Önnur mál

A. Haldinn var afar fjölsóttur kjaramálafundur hjá Félagi eldri borgara á Akureyri miðvikudaginn 20. september sl. Þar flutti Þorbjörn Guðmundsson formaður kjaranefndar ítarlegt erindi. Helgi Pétursson formaður LEB ávarpaði fundinn.

B. Haldinn var afar fjölsóttur kjaramálafundur hjá Félagi eldri borgara Ísafirði fimmtudaginn 28. september sl. Þar flutti Þorbjörn Guðmundsson formaður kjaranefndar ítarlegt erindi.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 10.30. Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson.

Samþykkt á stjórnarfundum LEB mánudag 9. október 2023.

Þorbjörn Guðmundsson
Drífa Sigfúsdóttir
Ásgerður Pálsdóttir
Helgi Pétursson
Ásgerður Pálsdóttir
Þorbjörn Guðmundsson